

Reikniregla fyrir bankaábyrgð

Umhverfisstofnun er heimilt að setja sem skilyrði fyrir samþykki stofnunarinnar fyrir útflutningi, innflutningi og umflutningi úrgangs að framleiðandi úrgangs, eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni, framvísi tryggingu um fjárhagslega ábyrgð fyrir kostnaði við meðhöndlun úrgangsins, sbr. 30. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Upphæð tryggingar um fjárhagslega ábyrgð skal ná yfir kostnað við meðhöndlun úrgangsins, þ.m.t. geymslu úrgangsins í 90 daga, kostnað við að flytja úrganginn á annan endurnýtingar- eða förgunarstað og að flytja úrganginn til baka til upprunlands.

Nánari ákvæði um fjárhagslega tryggingu er að finna í 5. gr. og 6 gr. reglugerðar (EB) nr. 1013/2006 sem innleidd var með reglugerð nr. 822/2010 um flutning úrgangs milli landa. Allflest ESB/ EES ríki gefa þar að auki út reglur um hvernig skuli reikna út upphæð ábyrgðarinnar og var tekið mið af þeim í neðangreindi reiknireglu Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun fer fram á að eftirfarandi reikniregla verði notuð við að reikna út upphæð fjárhagslegu ábyrgðarinnar:

$$\text{Upphæð} = 1,2 \times M \times (F + E + G)$$

M = Magn í tonnum (virkt magn úrgangs í umferð)

F = Flutningskostnaður á tonn

E = Kostnaður við endurvinnslu/ förgun á tonn

G = Geymslukostnaður í 90 daga á tonn

Stuðullinn 1,2 er notaður til að taka tillit til ófyrirséðs kostnaðar sem búast má við þegar þarf að bregðast hratt við nýjum aðstæðum og vegna gengisbreytinga á gildistíma fjárhagslegu ábyrgðarinnar.

Magn í tonnum (M):

Kostnaðurinn við flutninga, meðhöndlun og geymslu miðast við virkt magn úrgangs í umferð, skilgreint sem hámarksmagn úrgangs í umferð, þ.e.a.s. frá því að úrgangurinn var fluttur út og þar til úrvinnsluvottorð berst frá úrvinnsluaðila.

Flutningskostnaður á hvert tonn (F):

Kostnaður getur verið breytilegur eftir eðli úrgangsins, flutningsmáta og vegalengd.

Kostnaður við endurvinnslu/ förgun á hvert tonn (E):

Kostnaður við meðhöndlun úrgangs endurspeglar áætlaðan kostnað við förgun eða endurnýtingaraðgerð, þar á meðal bráðabirgðaaðgerðir.

Geymslukostnaður (G) á hvert tonn:

Taka þarf tillit til kostnaðar við geymslu við útreikninginn. Þetta er áætlaður kostnaður við geymslu í 90 daga á áfangastað.

Stofnunin óskar eftir að með öllum umsóknum um flutning spilliefna milli landa fylgi ofangreindir útreikningar þar sem allar forsendur fyrir upphæð fjárhagslegu tryggingarinnar eru rökstuddar með skýrum hætti.

Nánari upplýsingar um flutning úrgangs milli landa má fá á [heimasíðu Umhverfisstofnunar](#) og með því að senda fyrirspurn á ust@ust.is